

Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 5. október 2011 kl. 13:30 í Aðalbyggingu HÍ

Mætt voru: Arnfríður Guðmundsdóttir, Ármann Jakobsson, Ástráður Eysteinnsson (sem stjórnaði fundi), Birna Arnbjörnsdóttir, Gunnar Harðarson, Höskuldur Þráinsson, Íris Ellenberger, Sigríður Þorgeirsdóttir, Sólveig Anna Bóasdóttir, Valur Ingimundarson, Margrét Guðmundsdóttir og Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð).

Fundargerð

1. *Hugvísindaping*. Lagt var til að halda Hugvísindaping 2012 dagana 9. og 10. mars. Í framhaldinu var rætt um skipulag þingsins, hvort það ætti að opna þingið og bjóða fræðimönnum utan sviðs að skipuleggja málstofur, hvort það ætti bara að hafa málstofur eða blöndu af málstofum og einstaka fyrirlestrum, hvort það ætti bara að hafa þriggja erinda málstofur eða bjóða upp á misstórar málstofur og fleira.

Samþykkt var til að halda Hugvísindaping 2012 dagana 9. og 10. mars.

Samþykkt var að opna þingið. Starfsfólk Hugvísindastofnunar var beðið um að gera drög að viðmiðum við val umsókna um þátttöku á Hugvísindapingi.

2. *Varaformaður stjórnar*. ÁE gerði grein fyrir málinu. Nýjar reglur um Vísindanefnd HÍ kveða á um að formenn vísindanefnda sviða háskólans skuli taka sæti í Vísindanefnd HÍ. Þar sem ÁE getur ekki tekið þetta að sér á varaformaður vísindanefndar sviðsins, þ.e. varaformaður stjórnar Hugvísindastofnunar, að taka þetta sæti. ÁE bað ÁJ um að taka þetta að sér. Hann lagði til að ÁJ yrði varaformaður stjórnar. Í umræðum benti AG á að þessi aðferð við skipan Vísindanefndar HÍ væri ekki góð fyrir jafnvægi í kynjasamsetningu nefndarinnar.

Tillagan svar samþykkt samhljóða.

3. *Styrkir til aðstoðarmanna*. Guðmundur Jónsson sendi erindi þar sem hann spurði um styrki til aðstoðarmanna við rannsóknir. Áður en aðstoðarmannastyrkirnir voru færðir inn á sviðin var hægt að sækja um styrki til aðstoðarmanna við kennslu og rannsóknir. Nú væru styrkir til aðstoðarmanna við rannsóknir ekki lengur í boði. VI sagði frá því að Sagnfræðistofnun biði núna upp á styrki sem m.a. mætti nota til að greiða aðstoðarmönnum þóknun. Þeir væru að hámarki 50.000 kr. og ekki væri hægt að fá fleiri en einn styrk á ári.

Stjórnin taldi ekki ástæðu til þess að Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar opnaði fyrir styrki til aðstoðarmanna. Samþykkt að skoða úthlutunarreglur Sagnfræðistofnunar með tilliti til þess hvort aðrar stofnanir gætu tekið upp sambærilega styrki.

4. *Önnur mál*. Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 15:00.